

# Þingsályktun

## um Goethe-stofnunina í Reykjavík.

Alþingi ályktar, með hliðsjón af hinum góðu samskiptum Íslands og Þýskalands, að lýsa yfir stuðningi við þau tilmæli ríkisstjórnarinnar til þýskra stjórnvalda að tryggja að Goethe-stofnunin í Reykjavík verði starfrækt áfram.

Jafnframt hvetur Alþingi ríkisstjórnina til að stuðla að því að af Íslands hálfu verði aukin kynning á íslenskri menningu í Þýskalandi.

*Samþykkt á Alþingi 20. nóvember 1997.*

